



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra.
(152. löggj. - þingskj. 16. – 16. mál)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin styðja heilshugar við alla liði tillögunnar um leið og þau viðurkenna að margt er að gerast og þróast til að styðja við breytingar í átt að réttlátara samfélagi og meiri samstöðu með þolendum kynferðisbrota. Að mati samtakanna er þó alltaf tilefni til að gera enn betur og því gott að enn komi fram tillögur að bættu verklagi og auknum réttindum brotaþola, sérstaklega þegar um börn er að ræða.

Að mati Barnaheilla er frekari rökstuðningur við ofangreint óþarfur en samtökin telja tillögurnar vel unnar og byggja á vel ígrunduðum forsendum sem samræmast skoðun og gögnum Barnaheilla.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja sérstaka áherslu á rétt barna til að vera vernduð gegn ofbeldi. Innan raða Barnaheilla er mikil þekking og reynsla varðandi forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum en einnig bjóða samtökin upp á ráðgjöf og fræðslu til aðstandenda barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi.